# Söngtextar í október

## Dagarnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur
og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní júlí, ágúst,
september, október,
nóvember og desember.

## Hesturinn minn.

Sjáðu hestinn minn, sjáðu hestinn minn,
sjáðu hestinn minn, hann er fallegur.
Hesturinn minn hann er grænn og
borðar nammi,
grænn og borðar nammi, grænn og
borðar nammi.

Sjáðu hestinn minn, sjáðu hestinn minn,
sjáðu hestinn minn, hann er fallegur.
Hesturinn minn hann er rauður og með
vængi,
rauður og með vængi, rauður og með
vængi.

Sjáðu hestinn minn, sjáðu hestinn minn,
Sjáðu hestinn minn, hann er fallegur.
Hesturinn minn hann er blár og kann að
hjóla,
blár og kann að hjóla, blár og kann að
hjóla.

Lag: Ole Steenen
Þýð: Birte Harksen

## Göngum, göngum

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,
gljúfrabúa til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
sínum börnum liggur hjá.

## Upp á grænum

Upp á grænum, grænum himin háum
hól,
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu bomm bomm
bomm-bo-romm-bo-romm
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl,
sem miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna sem small,
og þau hlupu og héldu velli.

## Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir,
Ég og þú, ég og þú.
Leikum okkur saman, leikum okkur
saman.
Ég og þú, ég og þú.

## Fiskalagið

Nú skulum við syngja um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: “Vatnið er
kalt”.

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: “Vatnið er kalt”.

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: “Vatnið er kalt”.

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: “Vatnið er kalt”.

# Söngtextar í október

## Gráðug kerling

Gráðug kerling
hitaði sér velling
og borðaði namm, namm, namm,
síðan sjálf jamm, jamm, jamm,
af honum heilan helling.
Svangur karlinn
varð alveg dolfallinn
og starði svo sko, sko, sko
heilan dag o, ho, ho,
ofan í tóman dallinn,
aumingja karlinn.

## Við erum söngvasveinar

:,: Við erum söngvasveinar á leiðinni' út í lönd :,:
leikum á flautu, á skógarhorn, á skógarhorn,
leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.

Og við skulum dansa hopsasa, hopsasa, hopsasa,
við skulum dansa hopsasa - HOPSASA!

## Nammilagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí
rosalegt fjör væri þá
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e- ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef snjórinn væri úr sykurpúð og poppi,
rosalegt fjör væri þá.
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e-ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
rosalegt fjör væri þá.
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e-ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá

## Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrinn,
stirður eftir lúrinn.
Að hann sofi, að hann sofi
enginn treystir því.

## Þula um líkamann

Er þetta penni? – nei þetta er enni.
Er þetta Kaka? –nei þetta er haka.
Er þetta Stebbi? –nei þetta er nebbi.
Er þetta Unnur? –nei þetta er munnur.
Er þetta tár? –nei þetta er hár.
Er þetta lunga? –nei þetta er tunga.
Er þetta skinn? –nei þetta er kinn.
Er þetta -önd? –nei þetta er hönd.
Er þetta slingur? –nei þetta er fingur.
Er þetta hagi? –nei þetta er magi.
Eru þetta skæri? –nei þetta eru læri.
Er þetta tré? –nei þetta er hné
Er þetta gil? –nei þetta er il.
Er þetta ká? –nei þetta er tá.
Er þetta skass? –nei þetta er rass.

## Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð á hrúti
hrygg og gæruskinn.“
::Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.::